

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 409/2007,  
fyrir Minningargjafasjóð Landspítala Íslands.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

1. gr. orðist svo:

Nafn sjóðsins er Minningargjafasjóður Landspítala Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Tilgangur hans er að stuðla að bættri meðferð sjúklinga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og/eða til valinna verkefna á vegum Landspítala.

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 4-5 einstaklingar. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann, ritara og gjaldkera en meðstjórnendur eru einn eða tveir. Í forföllum formanns ákveður stjórnin hver vera skuli staðgengill hans. Verði sæti autt í stjórninni vegna úrsagnar eða þess að einhverjum er ókleift að sinna stjórnarstörfum skulu aðrir stjórnarmenn kjósa nýjan stjórnarmann í stað viðkomandi.

9. gr. orðist svo:

Ef enn er fé til ráðstöfunar í árslok, þegar styrkir skv. 8. gr. hafa verið greiddir út, er stjórn sjóðsins heimilt að verja því fé sem þá er afgang til kaupa á tækjum og búnaði sem Landspítali þarfnað til meðferðar á sjúklingum og/eða valinna verkefna á vegum spítalans.

Stjórnin ákveður ár hvert fjárhæð styrkja til Landspítala, hvort styrkir til hans verði teknir frá og safnað til afhendingar síðar eða sama ár.

Stjórnin getur hvenær sem er ráðstafað eigin fé utan bundins höfuðstóls skv. 3. gr. til kaupa á tækjabúnaði fyrir Landspítala og/eða til valinna verkefna á vegum spítalans.

Komi í ljós að Landspítali telji sig ekki hafa þörf fyrir fjárveitingar í þessu skyni er stjórninni heimilt að veita slíkum fjármunum til annarra sjúkrahúsa hér á landi.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningargjafasjóð Landspítala Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-skrá.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 27. mars 2012.*

**Ríkarður Másson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*